

„Hér fyrir á öldum var lífið ekki svona flókið, það var kaffibolli á morgnana, mjólkað og heyjað, athugað með sjúklinga spánsku veikinnar, hastað á vinnufólkið og farið að sofa. Vissulega voru venjubundnar máltíðir og óreglulegar æxlunartilraunir í bland við klósettferðir. Það hefur haldist í gegnum árin. Nú á dögum er hinsvegar lífið allt annað, börnin eru öll orðin bullandi spíttfíklar með sína „energy“ drykki og „energy“ tyggigúmmí, með sitt kóka-kóla æði og „kókópuffs“ þetta er hrein smán. Unga fólkíð kann enga mannasiði, þau hreyta fúkyrðum í sér eldra fólk og vilja ekkert með heilsusamlegt líferni gera. Ulla ef þeim er boðið slátur eða fisk og heimta sinn KFC eða pizzu. Þetta er með öllu ólíðandi framkoma“. Mér er herfilega misboðið, þar sem ég sit á Hlolla með honum Jóni og ræði þessi mál. Hann kinkar kolli, hann lætur út úr sér einstaka „hummm“ og „ha“ þegar við á. Ég lít í kringum mig og sé uppruna reiði minnar allt í kring, unglingar sem garga skoðanir sínar og skreyta þær ýmist með „fokk“, „sjitt“ eða „ríddu hest hvað þetta er fyndið, ma'r“. Bólvaðir skrælingjar, uppeldi virðist vera komið úr tísku, agi er fokinn í veður og vind. „Þetta er fáránlegt, að unga fólkíð komist upp með svona lagað. Húkandi á búllum öll kvöld, gumsa í sig viðbjóðslegum skyndibitum og drekka sína sykurlæðjur með.“ Segi ég við Jón meðan við hendum pappírslínu sem skyndibitinn okkar kom í.

Við göngum út, engin ástæða til að hírast í skítugri búllunni lengur en þörf krefur. Í dyrunum rekst ég utan í flennu sem æpir á mig „passaðu hvar þú ert að labba, gamli. Ertu einhver pervert eða? Reyna að gríp'í brjóstin á mér eða?“ Týpískt fyrir ungu kynslóðina, í þröngri dyragættinni á ég að sjá til þess að ég rekist ekki utan í neinn svo ég sé ekki ásakaður um kynferðislega áreitni. Slíkur er heimurinn sem við búum við. „Forláttu mér þetta svívirðilega brot gegn þér, ég hef augljóslega vegið að bæði sæmd þinni og blygðunarkennd“ svaraði ég og glotti við tönn. „Hvað ert' einhver risaðla eða? Kanntu ekki íslensku?“ spyr gálan mig og ég hlæ framán í hana á meðan við Jón göngum burt.

„Þú sérð það, Jón minn. Það er deginum ljósara að við ólum kynslóð sem hefur enga stjórn á ungvíðum sínum. Hvernig getur það verið að á sextíu ára tímabili hefur tveimur kynslóðum tekist að klúðra agamálum og uppeldi algjörlega. Alveg hreint ótrúlegt finnst mér“, Jóni þykir ekki mikið til einræðunnar minnar koma. Ekki að hann andmæli henni neitt af viti, hann segir mest lítið. „Sérðu ekki hvernig þessi kynslóð sem vill klámvæða allt, berst gegn gærusmán og vill aukin réttindi kvenna getur algjörlega steipt öllu sem unnið hefur verið að síðustu aldir í uppnám?“ Spyr ég. Jón yppir öxlum, honum kemur það greinilega ekki við, hann er við dauðans dyr hvort eð er. „Þau láta sig ekkert varða sem skiptir einhverju máli, hvað gengur eiginlega að þér maður?!“ Ég skil þetta ekki, einu sinni lét hann sig svona lagað varða.

Við stígum inn í fallega bílinn minn, Vitöruna mína, hana Viktoríu. Bíllinn er nefndur eftir konunni minni, sem lést daginn sem við keyptum hann. Hjartaáfall, svo sem ekkert of slæm leið til að fara. Við keyrum af stað, við Jón, úr skeifunni og inn á hringbraut. Samræðan heldur áfram, Jón tjáir sig eitthvað um málið. Hann talar eitthvað um að þetta komi honum ekkert við, hann eigi ekki svo mikið eftir ólifað. Satt best að segja hlusta ég lítið á það sem Jón hefur að segja, hann veit ekkert í sinn haus. Ég svara honum nú samt, „Hvað meinardu með að þetta komi þér ekki við? Auðvitað kemur þér þetta við.“ Ég finn sviða í brjóstinu, ógurlega er hvímléitt að eldast svona. Jón tuðar eitthvað um að næsta kynslóð verði að læra af eigin mistökum og móta sín eigin örlög. „Djöfulsins fifl sem þú ert, Jón. Þau eru engan veginn hæf til að taka slíkar ákvarðanir. Ég er ekki viss um að þau hafi getuna til að læra af mistökum sínum!“ Sviðinn versnar meðan ég garga á fiflið hann Jón. Andardrátturinn verður þyngri og ég er ekki viss um að ég sé að fá nokkuð súrefni.

Mér líður mun betur þegar ég vakna, ég sit á biðstofu. Það virðist nóg að gera en ég man ekkert hvað ég er að gera hér. „Sævar Viðarsson.“ kallar gildvaxin kona. „Það er ég.“ segi ég og stend upp. „Gjörðu svo vel“ segir hún þar sem hún bendir mér á að ganga inn. „Sestu og hann kemur eftir smá.“ Síðan er hún bara farin. Ég veit ekki hvað ég er búinn að sitja lengi í stólnum þegar rontulegur ungur maður í gallabuxum og hettupeysu gengur inn. „Sæll, Sævar. Ég heiti Pétur og

ætla að fara yfir nokkur atriði með þér.“ Segir hann. „Hver í fjandanum ert þú, hvar er ég og hvers vegna er ég að tala við einhvern krakka?“ Ég stend upp og geri mig líklegan til að fara. Hann bendir mér á að setjast aftur. „Það er engin auðveld leið til að segja þetta. Þú ert látinn, Sævar. Þú fékkst hjartaáfall þegar þú varst að keyra og fórst yfir á rauðu þar sem vörubíll lenti í hlið bifreiðinnar þinnar og þar með lést Jón.“ Segir hann pollrólegur og sest sjálfur gegnt mér. „Hvurslags djöfulsins húmor er þetta? Er þetta það sem þið unga fólkið lærið af Auðunni andskotans Blöndal og að vera 'tekinn'? Hvar er myndavélin?“ Ég finn hvernig adrenalínið flæðir og mig langar helst að vefja höndunum utan um þennan Pétur og sjá lífið fjara út í augum hans. „Ég lofa þér að þetta er enginn brandari, Sævar. Þú ert látinn, dauður, kapútt. Það sem verra er þetta verður stutt stopp hér, þú ert á leiðinni niður og þín er beðið með eftirvæntingu.“ Þetta þorir hann að segja mér þegar ég er að hugsa um að myrða hann, djöfulsins hroki í þessu unga fólki. Ég stíg á fætur og gef honum einn á hann, rýk út og sé Jón sitja á biðstofunni. Ég finn hendur taka um mig og ég er dreginn aftur á bak og kastað inn í lyftu. Dyrnar lokast og hún byrjar að auka hraðann niður á við. Ég finn hitann inni í þröngum lyftuklefanum rísa og reykur kemur inn um lyftudyrnar, svo heyrir „ding“...